
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

Reykjavík, 5. nóvember 2014

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, nr. 13/141

Stjórn Náttúruverndarsamtaka Suðurlands (NSS) ítrekar fyrri athugasemdir við tillögu verkefnastjórnar 3. áfanga rammaáætlunar um að færa „Hvammsvirkjun“, úr biðflokki í nýtingarflokk. Auk þess, gagnrýnir stjórn NSS harðlega þá nálgun sem birtist í svörum verkefnisstjórnar við athugasemdum frá því í vor, að verkefnisstjórnin meti „virkjanakost“ einungis út frá þeim þáttum sem ollu því að viðkomandi kostur var fluttur úr orkunýtingarflokki á sínum tíma. Því svari verkefnisstjórn ekki, eða að takmörkuðu leyti, athugasemdum sem lúti að öðrum þáttum en þeim tilteknu. Það hlýtur að vera lýðræðisleg krafa, að einstaklingar og félagasamtök hafi frelsi til að gagnrýna og krefjast svara við nýjum – sem og gömlum – spurningum sem kunnir að vakna og hafi jafnvel aldrei verið svarað með fullnægjandi hætti. Auk þess er skilningur, skynjun og viðmið fólks til umhverfis síns (í víðum skilningi) sífellt að breytast og nýjar upplýsingar sem líta dagsins ljós krefjast nýrrar nálgunar. Það má ekki verða svo að mál er varða þjóðina í heild geti verið afgreidd á þann hátt að tiltekin gagnrýni eða athugasemdir eigi ekki rétt á sér vegna einhvers tilbúins og ósýnilegs ramma. Ekki síst vegna þess hversu þröngur og skakkur þessi rammi er, samanber orð formanns verkefnastjórnar, Stefáns Gíslasonar:

Það er ekki að mínu mati heppilegt og reyndar eiginlega ekki mögulegt að beita þessum aðferðum sem við höfum til þess að taka svona fáa kosti fyrir, en þetta var bara pólitísk ákvörðun að gera það. Það þarf að taka fleiri kosti fyrir í einu af því að þetta snýst allt um röðun. Eftir á að hyggja þá var rangt að fara út í þessa vegferð að mínu mati.¹

Þetta verklag sem verkefnastjórn er gert að fara eftir, og formaður stjórnarinnar staðfestir, gagnrýnir NSS enn fremur harðlega og telur ámælisvert af stjórnvöldum að gengið hafi svo langt sem raun ber vitni.

Samkvæmt lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun² kemur fram að; „[í] verndar- og orkunýtingaráætlun [skuli] í samræmi við markmið laga þessara lagt mat á verndar- og orkunýtingargildi landsvæða og efnahagsleg, umhverfisleg og samfélagsleg áhrif nýtingar, þ.m.t. verndunar.“ NSS fullyrðir að ekki hafi verið lagt fullnægjandi mat á umhverfis- og samfélagsleg áhrif vegna nýtingar, þar með talið verndar Þjórsár við Hvamm (Hvammsvirkjun). Í því ljósi er rétt að benda á að ráðist hefur verið í uppbyggingu við ýmsa ferðamannastaði í Þjórsárdal³, með það að leiðarljósi að styrkja innviði ferðaþjónustu í samfélaginu. Það skyti skökku við og hefði líklega fælandi áhrif á ferðamenn ef stíflu, stóru uppistöðulóni auk fleiri mannvirkja því tengdu yrði komið fyrir í mynni Þjórsárdals.

Hvað varðar náttúrufars- og umhverfisleg sjónarmið, þá vill stjórn NSS ítreka að matskýrslan sem liggur, og hefur legið, til grundvallar er nú orðin 11 ára og hafi jafnframt ekki fjallað nógu ítarlega um einstaka þætti, svo sem náttúrufar, umhverfi og landslag.

Að öðru leyti, ítrekar stjórn NSS og stendur við fyrri athugasemdir, frá 19. mars, sl. og áréttar að Hvammsvirkjun verði áfram í biðflokki.

Stjórn Náttúruverndarsamtaka Suðurlands

Anna S. Valdimarsdóttir
Elín Guðmundsdóttir
Gunnar Á. Gunnarsson
Ólafía Jakobsdóttir

¹ <http://www.ruv.is/frett/rangt-ad-meta-virkjanakosti-thjorsar-ser>

² <http://www.althingi.is/altxt/stjt/2011.048.html>

³ <http://www.sunnlenska.is/frettir/14715.html>